



ÍPRÓTTIR

Getraunir:

Enski boltinn:
x11-xx1-1x2-2211

Lottó 5/38:

2 16 18 20 22 (5)

Frjálsar íþróttir:

Geirlaug tvíbætti metið

Geirlaug B. Geirlaugsdóttir, Armanni, tvíbætti Íslandsmetið í 60 metra hlaupi innanhúss á sterku alþjóðlegu móti í Gautaborg um helgina.

Geirlaug, sem virðist vera í mjög góðri æfingu um þessar mundir, setti Íslandsmetið í undanúrslitum hlaupsins og hljóp þá á 7,65 sekúndum. Hún komst í úrslitahlaupið og bætti þá metið aftur, hljóp á 7,64 sekúndum og hafnaði í sjötta sæti í hlaupinu.

Fyrri Íslandsmetið í 60 metra hlaupi kvenna innanhúss átti Svanhildur Kristjónsdóttir og það var 7,67 sekúndur.

Körfubolti:

Bárður er að braggast

Bárður Eyþórsson, einn besti leikmaður Vals í körfuknattleik, er að ná sér eftir að hafa slitið liðbönd í þumalfingri.

Bárður varð fyrir meiðslunum í leik gegn Akurnesingum í lok janúar og er laus úr gífsi. Hann mætti á sína fyrstu æfingu hjá Val eftir meiðslin sl. föstudag en hefur líklega leikið sinn síðasta leik með Val á tímabilinu.

HM á skíðum:

Enn einn sigurinn hjá Tomba

Ítalinn Alberto Tomba setti persónulegt met um helgina þegar hann vann tíunda sigur sinn í heimsbikarkeppninni á skíðum á einu og sama tímabilinu.

Tomba sigraði nokkuð örugglega í risasvigi á móti í Sviss um helgina og virðist algerlega ósigrandi um þessar mundir í skíðabrekkunum.



Langþráður bikartitill KA

- sjá bls. 24-25

DV-mynd ÞÓK

Hundruð manna mættu á Akureyrarflugvöll til að fagna KA-mönnum:

Tár runnu niður vanga

Gylfi Kristjánsson, DV, Akureyri:

Það er óhætt að segja að nýkrýndir bikarameistarar KA hafi fengið höfðinglegar móttökur við komuna til Akureyrar á laugardagskvöld. Um 400 manns beið þeirra á Akureyrarflugvelli og síðan tók við gleðskapur í KA-heimil-

inu sem stóð langt fram eftir nóttu.

Strax tveimur tímum eftir að leiknum lauk fór fólk að streyma á flugvöllinn og í þann hóp sem kom úr bænum bættust við áhangendur liðsins sem komu með flugvélum frá Reykjavík. Twin Otter flugvél meistaranna kom svo um kl. 22 en þá hafði lögreglan girt af svæði

utan flugstöðvarbyggingarinnar. Þegar flugvélin birtist og flaug lágflug yfir flugstöðina var mikið fagnað, og ekki var fögnuðurinn minni þegar Sigmar Þröstur markvörður og Alfreð Gíslason trítluðu út úr vélinni með bikarinn á milli sín og það mátti sjá bregða fyrir tárur á vöngum einstakra manna.

Fólkið söng og kættist og leikmennirnir áttu ekki greiða leið inn í flugstöðina. Síðan lá leiðin í KA-heimilið sem fyrr sagði og þar var fagnað og fagnað.

Einn leikmanna KA kom ekki með hópnum norður. Það var fyrirlíðinn Erlingur Kristjánsson sem var með flokk yngri spilara í móti

í Reykjavík. Erlingur var fyrirlíði þegar KA vann sinn fyrsta og eina Íslandsmeistaratitil í knattspyrnu 1989 og einnig nú þegar handboltamenn félagsins unnu sinn fyrsta alvörutitil í meistaraflokki.

Sjá bls. 24-25



● Framstúlkur voru ánægðar í leikslok. Hér eru þær Selka Tosic, Þórunn Garðarsdóttir, sem skoraði sigurmakið, og Berglind Ómarsdóttir með bikarinn. DV-mynd ÞÓK

Ótrúleg bikarúrslit kvenna í handbolta:

„Hugsaði bara um að skora“

Helga Sigmundsdóttir skrifar:

Fram tryggði sér sinn 11. bikarmeistaratítul í handknattleik kvenna á laugadaginn þegar liðið bar sigurorð af Stjórnunni í æsi-spennandi tvíframlengdum úrslitaleik, 22-21.

„Stórkostlegt, ótrúlegt en samt sem áður frábært. Á heildina litið er ég mjög ánægð með leikinn. Selka Tosic blómstraði í stöðu vinstri bakvarðar og við gáfumst aldrei upp. Það sést best á því að staðan var 11-15 fyrir Stjórnuna í seinni hálfleik en við náðum að jafna í leikslok. Þetta sýnir mikinn viljastyrk og mikinn „karakter“ í liðinu,“ sagði Guðríður Guðjónsdóttir, þjálfari hinna nýkrýndu bikarmeistarara Fram, eftir að fagnadarlátunum í leikslok linnu.

„Ég veit eiginlega ekki hvað ég get sagt, ég er hálfpartin orðlaus. Við töpuðum þessu á vörninni í

lokin,“ sagði Guðný Gunnsteinsdóttir, fyrirliði Stjórnunnar.

Fyrri hálfleikur var jafn á flestum tölum, varnarleikurinn var gífurlega sterkur og markvarslan góð. Staðan í leikhliði var 9-9. Stjarnan byrjaði seinni hálfleikinn mun betur og komst í fjögurra marka forystu en á þeim kafla lokaði Fanney Rúnarsdóttir marki Stjórnunnar. Þórunn Garðarsdóttir skoraði loks úr hraðaupphlaupi fyrsta mark Fram í seinni hálfleik þegar hann var hálfnaður. Skyttur Fram voru í aðalhlutverkinu á lokakaflanum með Selku í farabroddi. Þær náðu að jafna leikinn úr vítakasti Díónu Guðjónsdóttur þegar 29 sek. voru til leiksloka. Staðan var þá 17-17 eftir venjulegan leiktíma og því þurfti að framlengja.

Fram byrjaði betur og skoruðu þær Selka og Hafðís Guðjónsdóttir úr gegnumbrotum og var því staðan 19-17. Guðný Gunnsteinsdóttir

náði að minnka muninn niður í eitt mark. Ragnheiður Stephensen jafnaði úr vítakasti, 19-19, á lokasekúndunum og framlengja varð enn eina ferðina.

Stjarnan náði að komast yfir, 20-21, en þótt ótrúlegt megi virðast náði Stjarnan ekki að nýta sér það að vera tveimur mönnum fleiri þegar rúmlega 3 mínútur voru til leiksloka. Lið sem ekki nýtir sér slíkar aðstæður vinnur ekki titla. Díana náði að jafna leikinn úr vítakasti 21-21. Þegar 7 seúndur voru til leiksloka skoraði Þórunn síðan sigurmakið úr horninu fyrir Fram en lokamínúturnar í leiknum einkenndust að miklu fumi og taugaveiklun hjá báðum liðum.

„Þetta var frábær tilfinning að sjá hann í netinu. Ég hugsaði bara um að skora og vinna titilinn og það tókst,“ sagði Þórunn Garðarsdóttir, hornamaður Fram. „Ég trúi þessu ekki en okkur tókst það nú samt. Við ætluðum okkur að vinna leikinn fyrir Gurrý þjálfara. Mórallinn í liðinu hjá okkur hefur verið mjög góður og það er hægt að fara ansi langt á honum,“ sagði Selka, fyrirliði Fram, eftir sigurinn á Stjórnunni.

Kolbrún Jóhannsdóttir, markvörður Fram, stóð sig frábærlega, varði 15 skot og tvö víti. Stalla hennar í marki Stjórnunnar, Fanney Rúnarsdóttir, stóð einnig fyrir sínu og varði 16 skot, þar af eitt víti. Selka Tosic var besti maður Fram ásamt Þórunni. Ragnheiður Stephensen og Guðný Gunnsteinsdóttir voru bestu menn Stjórnunnar.

Mörk Fram: Selka 9/3, Þórunn 4, Hanna K. 3, Arna 2, Díana 2, Kristín 1, Hafðís 1.

Mörk Stjórnunnar: Ragnheiður 7/2, Guðný 5, Laufey 3, Inga Friða 3, Kristín 1, Dísa 1, Erla 1.



● Guðríður Guðjónsdóttir, þjálfari Fram, trúir því vart að bikarinn sé í höfn. Með henni á myndinni er Arna Steinsen. DV-mynd ÞÓK

Hvílík

KA bikarmeistari í handknattleik

Jón Kristján Sigurðsson skrifar:


Hvílík dramatik er það fyrsta sem kemur upp í hugann um bikarúrslitaleik KA og Vals. Viðureignin bauð upp á allt til að gera einn leik þannig úr garði að menn voru lengi að koma sér niður á jörðina að leik loknum. Taugar leikmanna jafnt sem áhorfenda voru þandar til hins ýtrasta og er hér þó kannski tekið vægt til orða. Já, þessa leiks verður lengi minnst fyrir margar sakir, umgjörð hans og rafmögnum spennu frá upphafi til enda gerir leikinn ógleymanlegan, fyrir leikmenn, áhorfendur og eins þá sem fylgdust með við sjónvarpstækin sín heima í stofum landsins. Leikurinn var tvímælalaust sigur fyrir handboltann og góð auglýsing.

Þegar upp var staðið í þessum „enda-lausa“ leik var það Knattspyrnufélag Akureyrar sem stóð uppi sem sigurvegari. Þetta er í fyrsta sinn sem meistaraflokkur félagsins í handknattleik vinnur sigur í stórmóti og sigurvíman og gleðin í leikslok var engu lík. Stuðningsmenn liðsins sem komu að norðan nánast slepptu sér í gleðinni, menn föðmuðust og kysstust.

Óhætt er þó að segja að KA-menn hafi farið lengri leiðina í því að vinna sigur í bikarkeppninni. Þeir héldu áhangendum sínum standandi á öndinni í tvígang, í fyrria skiptið þegar leikurinn var úti eftir venjulegum leiktíma og eins þegar úrslitin virtust ráðin tæpum tveimur mínútum fyrir lok fyrri framlengingar en þá voru KA-menn þremur mörkum yfir. Það var



● Glaðir KA-menn á Akureyrarflugvelli komnir heim með bikarinn.



● Árni Stefánsson, liðsstjóri KA, í öðrum heimi af hrifningu yfir bikarmeistaratitlinum langþráða. Sigmar Þróstur er til vinstri á myndinni, aðþrengdur af stuðningsmönnum KA. DV-mynd ÞÓK

dramatík

Leik eftir stórkostlegan úrslitaleik gegn Val, 27-26

svo ekki fyrr en í lok annarrar fram-
lengingar að KA náði að knýja fram
sigurinn. Þetta var erfitt verk en fyrir
vikið mjög sætt og verður af öllum í
minnum haft.

KA-liðið kom Valsmönnum strax í
opna skjöldu með gríðarlega sterkum
varnarleik. Sjaldan eða aldrei hefur
undirritaður séð lið leika jafn öfluga
vörn. Sóknarleikur Valsliðsins, sem
annálaður hefur verið, var gjörsamleg-
an settur úr skorðum. Það segir allt
sem þarf í þessu sambandi að Vals-
menn voru aðeins búnir að skora fjög-
ur mörk eftir tuttugu mínútna leik.
Það tók því Valsmenn óneitanlega þó-
nokkurn tíma að átta sig á hlutunum.
KA-menn voru lengst af með forystu í
leiknum, mest fimm mörk, en þegar á
leið venjulegan leiktíma fór KA-vélin


að hiksta og átti þreyta leikmanna þar
örugglega hlut á máli.

Þegar leikurinn er skoðaður niður í
kjöllinn var sigur KA-liðsins mjög
sanngjarn, baráttu liðsins var einstök.

Það sem öðru fremur gaf KA-liðinu
byr í seglin í þessum leik var stórleik-
ur Alfreð Gíslasonar. Þarna sannaðist
svo ekki varð um villst að lengi lifir í
gömlum glæðum. Ekki er neinum
blöðum um það að fletta að stórleikur
Alfreðs gaf KA-liðinu ómetanlegan
kraft sem lifði allan leikinn. Sigmar
Þröstur Óskarsson varði frábærlega,
alls á þriðja tug skot auk vítakasta.
Sigmar gaf heldur betur sinn skerf í
þennan sigur, tvímælalaust meðal
fremstu markvarða landsins, og varla
fram hjá honum gengið í landsliðið.
Hvað þarf að sýna meira til að réttlæta

sæti þar? Patrekur Jóhannesson kom
sterkur inn í leikinn eftir því sem á
leið og Valdimar Grímsson var einnig
góður. Allt KA-liðið á hrós fyrir
frammistöðuna, allir lögðu sitt á vog-
arskálina, og bikarinn féll því í skaut,
mjög sanngjarn.

Þrátt fyrir gifurlega breidd í Valslið-
inu, valinn maður í hverju rúmi, er
liðið þrátt fyrir það ekki ósigrandi.
Valsmenn réðu bara einfaldlega ekki
við vörn andstæðingsins og því fór sem
fór. Það vita allir að Valsliðið er eitt
það sterkasta á landinu en í þetta skipti-
ð mætti það ofjarli sínum. Guðmund-
ur Hrafnkelsson var bestur og Dagur
Sigurðsson sýndi mátt þegar liða tók
á. Júlíus Gunnarsson byrjaði vel en
fjaraði síðan út. Frosti Guðlaugsson
var drjúgur.



● Erlingur fyrirlíði Kristjánsson, til hægri, og Árni Stefánsson liðsstjóri með bikarinn. Þetta var fyrsti „alvöru“ sigur KA í handboltanum í meistaraflokki. DV-mynd ÞÓK

Sagt eftir úrslitaleik KA og Vals:

„Ég hef bara aldrei lent í öðru eins“

Guðmundur Hilmarsson skrifar:

Alfreð Gíslason:

„Þetta var hreint út sagt stórkostlegur leikur og ég hef bara aldrei lent í öðru eins. Leikurinn var ýmist gjörunninn eða tapaður en það sem ég held að hafi skipt sköpum var að viljinn var meiri okkar megin. Ég var búinn að byggja mig upp fyrir þennan leik, til dæmis létta mig um nokkur kíló þannig að ég gæti leikið jafnt í vörn og sókn. Það áttu nokkrir frábæran leik og aðrir léku stórvel og ég er mjög stoltur af strákunum,“ sagði Alfreð Gíslason, þjálfari og leikmaður KA, en þetta var hans fjórði bikarmeistaratitill, annar á Íslandi og hinir tveir í Þýskalandi og á Spáni. „Ég hefði verið til í að skipta á þessum titli og öllum hinum.“

Þorbjörn Jenson:

„Maður er nánast orðlaus eftir svona leik. Maður bjóst við hörkuleik en kannski ekki svona magnaðri spennu. KA-menn höfðu frumkvæðið en þegar við náðum að komast upp að þeim vantaði okkur að stíga skrefið til fulls. Ég var búinn að sætta mig við tap þegar KA fékk vítið í lok venjulegs leiktíma en þegar Guðmundur varði hélt ég að forlöginn yrðu okkar megin. Það hefur verið niðursveifa hjá okkur að undanförunu en nú þurfum við að safna liði.“

Patrekur Jóhannesson:

„Þetta er fyrsti titillinn sem ég vinn í meistaraflokki og þessi leikur liður manni seint úr minni. Við undirbjuggum okkur mjög vel fyrir leikinn og Alfreð gerði það mjög gott. Þá tel ég að heimsókn Jóhanns Inga til okkar hafi hjálpað okkur mikið og ég tel að hann eigi 25% í þessum leik okkar. Hann gaf okkur sálfræðilega punkta og fyrir mig var þetta gott veganesti í leikinn.“

Guðmundur Hrafnkelsson:

„Auðvitað er maður vonsvikinn en þetta var í þriðja sinn sem ég tapa bikarúrslitaleik. Þessi öfluga byrjun KA-manna kom okkur á óvart og við vorum taugaspenntir framan af leik. Það fór gifurleg orka í að vinna upp mun KA í leiknum sjálfum og í fram-
lengingunni en sigurinn gat svo sannarlega lent báðum megin.“

Sigmar Þröstur Óskarsson:

„Við vorum mjög vel stemmdir fyrir leikinn og undirbjuggum okkur vel. Jóhann Ingi gaf okkur góð ráð sem

komu okkur svo sannarlega til góða í leiknum. Ég hef spilað marga spennandi leiki en þessi er sá mest dramatiskasti sem ég hef tekið þátt í. Ég fann mig vel enda var vörmin hjá okkur hreint frábær.“

Erlingur Kristjánsson:

„Þegar ég hampaði titlinum með KA í fötboltanum árið 1989 var það mjög óvænt en í svona leikjum er allt lagt undir og því meira upplifelsi. Það flögraði óneitanlega að manni að við ættum hreinlega ekki að vinna leikinn en með mikilli samstöðu og baráttuvilja tókst okkur það. Ég er búinn að spila með KA í 14 ár í meistaraflokki án þess að vinna neitt stórt og það er frábær tilfinning að þessi titill skuli nú í höfn.“

Jakob Björnsson bjarstjóri:

„Ég get ekki annað en verið rosalega

ánægður með strákana í KA-liðinu. Þeir stóðu sig eins og hetjur og unnu verðskulduðan sigur að mínu mati. Akureyri er mikill handboltabær og þessi sigur á eftir að verða mörgum mikil hvatning og þá sérstaklega unga fólkinu í bænum. Það var ánægjulegt þegar ÚA-málið var í höfn og þessi bikarsigur fullkomnar svo sannarlega þá ánægju.“

Þorbergur Aðalsteinsson:

„Þetta er skemmtilegasti úrslitaleikur sem ég man eftir og var meiri háttar auglýsing fyrir handboltann. Þetta er persónulega mikill sigur fyrir Alfreð sem hefur verið lengi í baráttunni og af öðrum ólöstuðum var hann maður leiksins. Hjá KA léku þeir Patrekur og Sigmar mög vel og Sigmar var í landsliðsklassa. Hjá Val léku Guðmundur í markinu, Dagur og Frosti best,“ sagði Þorbergur.



KA - Valur (12-10) 27-26

1-0, 5-2, 5-3, 9-4, 9-5, 10-5, 11-7, 11-8, 12-8, 12-9, (12-10), 12-11, 12-12, 15-12, 16-14, 17-17, 18-18, 19-19, (20-20), 21-21, 24-21, (24-24), 26-24, 27-25, 27-26.

● Mörk KA: Patrekur 11/2, Valdimar 8/4, Alfreð 6, Leó Örn 2.

Varin skot: Sigmar Þröstur 23/3.

● Mörk Vals: Dagur 6/1, Frosti 5, Júlíus 4, Ingi Rafn 3, Jón 3/1, Valgarð 3/2, Geir 1, Sigfús 1.

Varin skot: Guðmundur 18/3.

Dómarar: Gunnar Kjartansson og Óli P. Olsen. Á heildina lítið komust þeir vel frá mjög erfiðum leik.

Ahorfendur: 2500.

Maður leiksins: Alfreð Gíslason, KA.



karinn.

DV-mynd GK



● Stuðningsmenn KA fjölmenntu í Laugardalshöllina og hafa örugglega ekki séð eftir aurunum sem í það fóru. Hér sjást stuðningsmennirnir fagna sigri KA. DV-mynd ÞÓK



● Patrekur Jóhannesson við komuna heim til Akureyrar með rós og gullverðlaun. Patti lék við hvern sinn fingur og var kátur með árangurinn. DV-mynd GK